# POTT2PA03 – Pottaplöntur II - Samplantanir

## Kennsluáætlun vorið 2024

## Kennari:  Vilmundur Hansen

| Vika | Dags. | Tími | Efni |
|---|---|---|---|
| **1** | 11.1.2024 | 09:00 – 12:00 | Skordýraætur |
| **2** | 18.1.2024 | 09:00 – 12:00 | Klifur- og vafningsplöntur |
| **3** | 25.1.2024 | 09:00 – 12:00 | Blaðplöntur |
| **4** | 01.2.2024 | 09:00 – 12:00 | Blaðplöntur |
| **5** | 08.2.2024 | 09:00 – 12:00 | Kaktusar |
| **6** | 15.2..2024 | 09:00 – 12:00 | Þykkblöðungar |
| **7** | 22.2.2024 | 09:00 – 12:00 | Loftplöntur |
| **8** | 29.2.2024 | 09:00 – 12:00 | Yfirferð fyrir próf |
| **9** | 7.3.2024 | 09:00 – 15:45 | Samplantanir Kennari BEP |
| **10** | 18.3.2024 | 09:00 – 15:45 | Samplantanir Kennari B +V |
| **11** | 22.3.2024 | 09:00 – 15:45 | Samplantanir Kennari B +V |
| **12** | | | |
| **13** | | | Ekki kennsla – sérnámskeið í blómaskreytingum |
| **14** | 19.4.2022 | 09:00 – 11:00 | Próf |

**Kennslubækur**

Allt í blóma eftir Hafstein Hafliðason

Glærur kennara.

**Skipulag námskeiðs**

Kennsla fer fram með fyrirlestrum, heimavinnu og verklegum æfingum.

**Fyrirlestrar:** Fyrirlestrar kennara (glærupakkar) verða settir inn í kennslukerfi skólans, canvas, undir heiti áfangans. Kennari prentar **ekki** glærupakkana út þannig að þeir nemendur sem vilja hafa útprentað efni verða að gera það sjálfir.

**Upptökur/Kennslubréf:** Fyrirlestrar verða teknir upp í kennslustundum og aðgengilegir fjarnemum.

**Verkefni:** Verkleg æfing í pottaplöntuhúsi 10%, skilaverkefni í samplöntunum 20%, tímaverkefni í samplöntunum 10%.

**Námsmat**

Ritgerð/verkefni gilda 40% í lokaeinkunn.

Skriflegt lokapróf gildir 60% í lokaeinkunn. Lágmarkseinkunn á prófi er 5,0.

| Áfangi | Einingar | Hæfniþrep |
|---|---|---|
| POTT3PB03 – Pottaplöntur II | 3 fein | 3 |

**Lýsing**

Nemendur læra að þekkja u.þ.b. 100 tegundir af algengustu pottaplöntum til viðbótar þeim 100 tegundum sem farið var yfir í áfanganum POTT2FV03. Lögð verður áhersla á latnesk heiti og íslensk heiti tegunda og ætta, uppruna og útlitseinkenni plantnanna. Fjallað verður um almennar ræktunarleiðbeiningar fyrir hverja tegund, svo sem kröfur til jarðvegs, birtu, vökvunar og áburðargjafar. Einnig fjallað um valkosti við notkun áburðar. Fjallað verður sérstaklega um plöntur sem eru heppilegar til notkunar í pottplöntuskreytingar m.t.t. raka, birtu og hita. Kennslan byggist á stuttum fyrirlestrum kennara og nemenda um hverja tegund.

**Forkröfur**

POTT2PA03 (Pottaplöntur I)

**Þekkingarviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Latneskum og íslenskum tegundar- og ættarheitum u.þ.b. 100 tegundum algengustu stofuplantna (auk þeirra sem farið var yfir í áfanganum POTT2PA03).
- Uppruna þeirra tegunda sem fjallað er um.
- Útlitseinkennum viðkomandi tegunda, s.s. sem blómlitum, vaxtarlagi, blaðgerð og áferð.
- Umhirðu viðkomandi tegunda með tilliti til vökvunar og lýsingar.
- Jarðvegsefnum og næringarþörf viðkomandi tegunda.
- Vandamálum sem geta komið upp við ræktun pottaplantna og viðbrögðum við þeim.
- Tegundum sem henta sérlega vel í pottaplöntuskreytingar.

**Hæfniviðmið**

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

Ráðleggja öðrum um val á viðeigandi pottaplöntum úr þessum u.þ.b. 100 tegunda hópi plantna (auk þeirra sem farið var yfir í áfanganum POTT2PA03), metið með rökstuðningi og skriflegu prófi.

Velja, vinna með og ráðleggja öðrum um meðhöndlun og umhirðu viðkomandi tegunda hvað varðar vökvun, lýsingu, ræktunarílát, jarðvegsefni og næringu, sem metið er með skriflegu prófi, kynningum og rökstuðningi.

Velja viðeigandi stofuplöntur fyrir heimili, fyrirtæki og stofnanir út frá umhverfi s.s. arkitektúr, stærð rýmis og birtu sem metið er með útsjónarsemi, kynningum og rökstuðningi.

Meta umfang vandamála sem upp kunna að koma og setja fram áætlanir um viðeigandi viðbrögð, metið með útsjónarsemi, rökstuðningi og kynningu.

| | |
|---|---|
| **Leikniviðmið**<br>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<br>• Þekkja og greina u.þ.b. 100 tegundir algengustu stofuplantna út frá vaxtarlagi, lit, blaðgerð og áferð.<br>• Meðhöndla og hirða um viðkomandi tegundir með réttri vökvun og lýsingu.<br>• Velja og nota viðeigandi jarðvegsefni, ræktunarílát og næringu fyrir viðkomandi tegundir.<br>• Bregðast við vandamálum sem geta komið upp í ræktun pottaplantna í hýbýlum.<br>• Velja viðeigandi stofuplöntur eftir verkefnum. | |
| **Námsmat**<br>Verkefni, kynningar, verkleg plöntugreining og skriflegt próf. | |
| **Tenging við grunnþætti**<br>Læsi: Nemendur lesa námsefni og leita sér upplýsinga á veraldarvefnum.<br>Heilbrigði og velferð: Nemendur þurfa að sýna ábyrga umgengni við líf og umhverfi.<br>Lýðræði og mannréttindi: Nemendur bera ábyrgð á sínu námi og sýna öðrum virðingu.<br>Jafnrétti: Nemendur eru allir jafnir og í hópavinnu gildir jafnræði.<br>Sköpun: Nemendur vinna sjálfstætt að verkefnum þar sem sköpunargleðin fær að njóta sín þó ákveðnum reglum sé fylgt. | |
| **Dags.:** 7.9.2013<br>**Höfundar:** Guðrún Brynja Bárðardóttir | |

<table>
<tr><td>Áfangi<br>POTT3SP02 – Samplantanir</td><td>Einingar<br>2 fein</td><td>Hæfniþrep<br>3</td></tr>
<tr><td colspan="3">Lýsing<br>Nemendur læra að gera pottaplöntuskreytingar/samplantanir með áherslu á rétta uppröðun m.v. vaxtarlag, útlit og einkenni plantnanna. Farið er yfir hvaða plöntur henta vel saman í plöntuskreytingar og nemendur læra um helstu stíltegundir og reglur hvað varðar plöntuskreytingar. Auk þess er fjallað um plöntunotkun og niðurröðun plantna í heimahúsum, gróðurskálum, opinberum byggingum og skrifstofuhúsnæði.</td></tr>
<tr><td colspan="3">Forkröfur<br>POTT2PA03 (Pottaplöntur I), FRÍH2FH03 (Fríhendisteikning), BLÓM1BA02 (Blómaskreytingar I bóklegt), BLÓM1VA08 (Blómaskreytingar I verklegt)</td></tr>
<tr><td>Þekkingarviðmið<br>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<ul><li>Helstu verkfærum og hjálparefnum sem notuð eru við gerð plöntuskreytinga.</li><li>Helstu stíltegundum sem unnið er með.</li><li>Reglum um uppbyggingu plöntuskreytinga s.s. jafnvægi og hlutföll.</li><li>Hvernig útbúa á skissur og teikningar af plöntuskreytingum og hvernig unnið er út frá þeim.</li><li>Vali á undirlagi, ræktunarefni og plöntum í plöntuskreytingar m.t.t. umhverfis, lýsingar, hita og vökvunar.</li><li>Skipulagningu og undirbúningi vinnu við plöntuskreytingar.</li><li>Nauðsyn þess að vinna ávallt af fagmennsku við hvert verk.</li></ul></td><td colspan="2">Hæfniviðmið<br>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:<ul><li>Velja og ráðleggja öðrum um plöntuskreytingar sem hæfa tilefninu og umhverfisskilyrðum, með hliðsjón af þörfum plantna, metið með útsjónarsemi, verklagi, frágangi og skriflegu prófi.</li><li>Ráðleggja öðrum um plöntuskreytingar í helstu stíltegundum sem falla vel að grunnreglum plöntuskreytinga og falla að þeim stíl sem er í umhverfinu (innan- eða utanhúss), sem metið er með útsjónarsemi, verklagi, frágangi og skriflegu prófi.</li><li>Skipuleggja og vinna plöntuskreytingar út frá skissum og teikningum sem metið</li></ul></td></tr>
</table>

**Leikniviðmið**
Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Nota helstu verkfæri og hjálparefni sem notuð eru við gerð plöntuskreytinga.
- Útbúa og hanna mismunandi tegundir plöntuskreytinga með réttum stíltegundum og uppbyggingaraðferðum við hæfi hvers verks
- Útbúa plöntuskreytingar út frá skissum og teikningum.
- Meta hvaða plöntuskreytingar hæfa hverju sinni með hliðsjón af umhverfisskilyrðum og þörfum plantna
- Vinna ávallt af fagmennsku og bera virðingu fyrir óskum viðskiptavinarins.

er með verklagi, verkskipulagi, frágangi og skriflegu prófi.

- Geta tekið þátt í hópavinnu við plöntuskreytingaverkefni, s.s. að skreyta sali og stærri rými sem metið er með jafningjamati, sjálfsmati, vinnuframlagi, samviskusemi og samskiptahæfni.
- Sjá um plöntur og plöntuskreytingar í heimahúsum, gróðurskálum, opinberum byggingum og skrifstofuhúsnæði sem metið er með verklagi, verkskipulagi, frágangi og skriflegu prófi.
- Sýna frumkvæði, sjálfstæða og skapandi hugsun, sjálfstæð vinnubrögð og vinna að fagmennsku við hvert verk sem metið er með verklagi, vinnuframlagi, samskiptahæfni, ábyrgð, útsjónarsemi og skriflegu prófi.

**Námsmat**
Verkefni og skriflegt próf.

**Leiðbeiningar og athugasemdir (fyrir aðra kennara)**
Fyrirlestrar og verkleg verkefni. Gott að fá gestakennara.

**Tenging við grunnþætti**
Læsi: Nemendur lesa námsefni og leita sér upplýsinga á veraldarvefnum.
Sjálfbærni: Nemendur þurfa að nýta sér þær auðlindir sem eru í nánasta umhverfi við gerð verkefna, flokka úrgang og huga að endurnýtingu.
Heilbrigði og velferð: Nemendur þurfa að sýna ábyrga umgengni við líf og umhverfi.
Lýðræði og mannréttindi: Nemendur bera ábyrgð á sínu námi og sýna öðrum virðingu.
Jafnrétti: Nemendur eru allir jafnir og í hópavinnu gildir jafnræði.
Sköpun: Nemendur vinna sjálfstætt að verkefnum þar sem sköpunargleðin fær að njóta sín þó ákveðnum reglum sé fylgt.

**Dags.:** 11.9.2013
**Höfundar:** Guðrún Brynja Bárðardóttir